



Pési

Næsti Pési kemur út í október 2016. Efni þarf að berast í síðasta lagi **7. október** 2016.



Frá Bókasafni Hrunamanna



Opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18



leitir.is

Alltaf hægt að skila safngögnum í skilalúguna ☺

Verið hjartanlega velkomin á bókasafnið.

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>



Sundlaugin á Flúðum.

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00



Tækjasalur í Íþróttahúsi.

Mánudaga - fimmtudaga 16:00-21:30.

Föstudaga: 13:00-18:00

Opið um helgar ef mót eru í gangi í húsinu



sept 2016
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

26. árgangur.
307.tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórapistill

September er runninn upp og einstakt sumar að baki. Það verður að segjast, að miðað við hvernig veðurfarið er í byrjun september að það er hálfgerður dónaskapur að tala um að það sé komið haust .

Uppskeruhátíðin fór fram um síðustu helgi og tókst vel. Það er góður bragur á þessari hátíð. Hún er hæfilega lágstemmt og vel er mætt á hana. Það sem er þó ánægjulegast að sjá er að heimafólk nær að selja verulegt magn af afurðum sínum og jafnframt í leiðinni auglýsa starfssemi sína. Það er greinilegt að þessi viðburður er kominn til að vera.

Í tengslum við Uppskeruhátíðina þá var vakin athygli á því að nú eru upplýsingarskiltin komin upp í Lækjargarðinum á Flúðum og við Eyvind og Höllu. Þetta verkefni er búið að taka langan tíma og hefur miklu þúðri verið eytt í upplýsingaöflun og útfærslu. Vil ég þakka öllum þeim aðilum sem hafa komið að vinnu við verkið og að fjármögnun þess. Ég er ánægður hvernig til tókst og að mínu mati er Lækjargarðurinn og nágrenni að verða að staðarþrýði í Hrunamannahreppi. Það eina sem á eftir að gera er að setja á skiltin QR kóða til að hægt sé að nálgast frekari upplýsingar í gegn um snjallsíma og einnig veita möguleika á að gefa upplýsingar um svæðið á erlendum tungumálum.

Ég vil koma með þá ábendingu að nota gámasvæðið á Flúðum ekki undir tipp þannig að það sé verið að losa þar mold, möl eða grjót. Slíkir hlutir eiga ekki heima inn á svæðinu. Varðandi úrgangsmálin er það að segja við sjáum fram á verulega mikið aukið magn af úrgangi úr sveitarfélaginu. Góðu fréttirnar eru þær að mikil starfssemi er á svæðinu og framkvæmdir í gangi. Ljóst er hins vegar að aukið magn veldur sveitarfélaginu auknum kostnaði sem vart verður mætt öðru vísi en að hækka gjöld vegna meðhöndlunar og eyðingu á sorpi. Fyrst að byrjað er að tala um eyðingu vil ég benda fólki á að huga að því að klippa tré og runna við aðkeyrslur, gangstéttir og götur. Það er svo mikil vöxtur í gróðri að það getur valdið bæði gangandi fólki og öðrum vandræðum.

Nú er búið að ráða í starf Áslaugar í bókasafninu og varð hún Inga Jóna Hjaltadóttir fyrir valinu. Vil ég bjóða hana velkomna til starfa en jafnframt þakka Áslaugu fyrir einkar góð og óeigingjörn störf fyrir sveitarfélagið á liðnum árum.

Á vettvangi sveitarstjórnarmála er það að segja að nú er verið að taka stöðuna á rekstri sveitarfélagsins á árinu 2016 og jafnframt að huga að undirbúningi fjárhagsáætlunar 2017-2020. Ljóst er að mörgu er að hyggja og það er eins hér og í mörgum sveitarfélögum að okkur finnst ekki tekjur okkar aukast í samræmi við aukin umsvif í samfélaginu, þó útgjöldin geri það.

Nú fer starfssemi félagasamtaka í sveitarfélaginu að fara af stað með haustinu þó margt miðist við „eftir réttir“. UMFH er búið að setja upp metnaðarfulla dagskrá í íþróttahúsinu og vil ég hvetja alla til að notfæra sér íþróttamannvirki Hrunamannahrepps, hvort sem það er sundlaug, tækjasalur eða íþróttasalur. Sérstaklega vil ég hvetja eldri borgara að nýta sér tíma sem verið að setja upp í íþróttahúsinu fyrir þennan hóp. Það er gömul saga og ný að hæfileg hreyfing og góður félagsskapur er allra meina bót og bið ég eldri borgara endilega að vera í sambandi við hann Árna Þór forstöðumann íþróttamannvirkja til að finna heppilega tíma í húsinu.

Ein ánægjuleg framför í fjarskiptamálum er að nú loksins er Míla búin að tengja norðurbæ Flúða við Ljósnetið. Það ætti að þýða að Flúðahverfið er komið í þokkaleg mál. Stóra málið er síðan að halda áfram með þær áætlanir um að leggja ljósleiðara um allt sveitarfélagið og er Tæknisviðið að koma þeim málum í farveg. Vonandi sjáum við einhverjar fréttir af þeim málum fljótlega.

Að lokum við ég óska Golfklúbbi Flúða til hamingju með glæsilegt íslandsmót golfklúbba 15 ára og yngri drengja sem haldið var nú í ágúst. Það er greinilegt að völlurinn er kominn með þá stöðu að vera kominn á kortið sem eftirsóttur völlur fyrir alvöru mót.

Njótum síðan haustsins saman hvenær sem það nú kemur.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími .

Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00

Föstudaga: 09:00-12:30

SALUR 1	SALUR 2	SALUR 1	SALUR 2	SALUR 1	SALUR 2	SALUR 1	SALUR 2	SALUR 1	SALUR 2
Mánudagur		Þriðjudagur		Miðvikudagur		Fimmtudagur		Föstudagur	
13.00-14.00 Íþróttaskóli 1.-2. b.		15.20-16.30 7.-10. fl.kv		15.20-16.20 Laus tími Mb.kv		13.00-14.00 Íþróttaskóli 1.-2. b.		12.30-13.30 Íþróttaskóli 1.-2. b.	
14.00-15.10 Mb.ka MB KV		16.30-17.40 Laus tími Laus tími		16.20-17.40 Frjálsar 6.-10. b.		14.00-15.00 Tími eldri borgara		13.30-14.40 Mb.ka MB KV	
Laus tími Laus tími		17.40-19.00 7.-10.fl.ka		17.40-18.40 Fótbolti 3.-6. b		16.15-17.00 Íþ.sk. 4-5 ára		14.40-16.00 7.-10.fl.ka	
16.10-17.20 Frjálsar 3.-5. b.		19.00-20.30 Mfl.ka,Blak		18.40-19.40 Fótbolti 7.-10. b		Laus tími Laus tími		16.00-18 Frjólskyldutími	
17.20-18.30 Frjálsar 6.-10. b.		20.30-22.00 MFL KA		19.40-20.40 Ol.b. karfa		18.20-17.25 7.-10 fl kv		18.00-19.30 MFL KV	
18.30-19.30 Karlasport MFL KA				20.40-22 MFL KV		Laus tími Laus tími		18.30-20 BLAK KVK	
20.00-21.30 MFL KV						20-21.30 Mfl.ka,Blak		20-21.30 MFL KA	
21.30-22.30 Old boys Fótbolti									

Tækjasalur:
Mán-Fim:16.00-21.30
Fös: 13.00-18.00

Tækjasalur er
opinn um helgar
þegar það eru
mót í húsinu.
Fylgjst með á
netinu!

Þjálfarar	
Blak kvk	Árni Þór Hilmarsson
Blak kk	Kristján Geir Guðmundsson
Fimleikar	Hrafnhildur Sædis Benediktsdóttir og Hanna Björk Grétarsdóttir
Frjálsar íþróttir	Guðbjörg Viðarsdóttir, Jóhanna Bríet Helgadóttir og Elma Jóhannsdóttir
Fótbolti	Guðni Sighvason
Íþróttaskóli	Árni Þór Hilmarsson - Hanna Björk Grétarsdóttir - Jóhanna Bríet
Korfubolti	Árni Þór Hilmarsson
Old boys	Enginn þjálfari - greitt inn sama gjald og í sundlaug
Karlasport	Árni Þór Hilmarsson - námskeiðisform, betur auglýst síðar
Laus tími	Hér er hægt að tækja um tíma <i>oggn greiðslu</i>
Frjólskyldutími	Enginn þjálfari - greitt eins og í sund - börn u. 16 ára þurfa að vera í fylgd með fullorðnum

Æfingar hefjast 5.
september skv. töflu.
Ath. að frjálsar og
íþróttaskóli hjá 4-5 ára.
byrja eftir réttir.



Hefur þig alltaf dreymt um að syngja í karlakór? Nú er tækifærið, Karlakór Hreppamanna vill gjarnan bæta við sig söngmönnum núna í haust. Æft er á þriðjudagskvöldum kl 20:00 í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum. Æfingar hefjast 13. september. Áhugasamir eru hvattir til að mæta og vera með frá byrjun starfsársins, það verður tekið vel á móti ykkur.

Karлакór Hreppamanna er að hefja sitt tuttugasta starfsár og af því tilefni verður mikið lagt í dagskrána í vetur þar sem gleðin og léttleikinn verður við völd.



Opið alla daga

Verið hjartanlega velkomin!

Kaffi-Sel – Golfskálanum Efra-Seli
Sími 486-6454/891-7811/661-5935

Heimasíða: www.kaffisel.is

Netfang: info@kaffisel.is

Facebook: kaffisel



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Opið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN

fontana

Heilsúnd frá landnámi



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is



Nýr TAXI á svæðinu sem mun þjónusta
Grímsnesið, Bláskógabyggð, Hrunamannahr og
Skeiða og Gnúpverjahr.

Og allar sumarbústaðabyggðir á þessum svæðum
eftir bestu getu.

TAXI DRIVER

Sími: 7760810 & 7831224

VIOLA snyrtistofa
Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra
ALESSANDRO naglalökk og gloss
Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting
– Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.
Tímapantanir í Síma 856-1599



Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á
www.upplit.is –allir velkomnir

Upplit
Menningarklasi uppsveita Árnessýslu



Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 Selfossi.

Þórarinn Magnússon, starfsmaður Slökkvitækjaþjónustunnar, mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélagin.

Nánari upplýsingar koma fram á heimasíðu B.A, www.babubabu.is eða í síma 4-800-900.

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband
Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt

NUDD Í REYKHOLTI.

Ertu með sára og auma vöðva? Vöðvabólgu? Festur í liðum?
Eða langar bara í smá dekur?

Hafðu þá samband í síma: 892-5991

Íris Svavarsdóttir nuddari.

Fótaaðgerðarstofan Heimalandi auglýsir!

Er við á miðvikudögum

Pantanir í síma: 863 0433.

Athugið!! gjafakort til sölu.

Allir velkomnir!

Sólveig Jóhannsdóttir Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



Samkaup **strax**

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga 09:00-20:00

Laugardaga og Sunnudaga 10:00-20:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax

á Flúðum.

Sími 486 6633

fludir@samkaupstrax.is <<mailto:fludir@samkaupstrax.is>>

Kirkjukórinn hefur starfsemi sína

Þann **6. okt** næstkomandi, æft er í Félagsheimilinu og byrja æfingar kl 20:30. Við bjóðum að venju **nýtt** söngfólk velkomið og hlökkum til að sjá það „**gamla**“!!

Fjölbreytt starf, fjölbreytt tónlist og fjölbreytt félagslíf ein-kenna kirkjukórinn, sjáumst í október. ☺

Stjórn og organisti.



Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **432-2770.**
Aðalnúmer Heilbrigðisstofnunar á Selfossi 432-2000

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is



RAFMAGNSVERKSTÆÐI
JENS OG RÓBERTS

TÖKUM AÐ OKKUR:
ALLA ALMENNA
RAFVIRKJAPJÓNUSTU



SJÁUM UM TEIKNINGU
OG HÖNNUN
RAFLAGNA

SMÆRRI JAFNT SEM
STÆRRI VERKEFNI.

JENS PÉTUR JÓHANSSON
893-7101
RAFJENS@EYJAR.IS

RÓBERT EINAR JENSSON
899-9554
ROBBIRAF@SIMNET.IS

Hvað gerir hestamannafélag gott félag?

Hestamannafélög eru mörg á Íslandi og flest hafa sama markmið, skapa vettvang fyrir hestafólk að koma saman, sýna hesta sína, skapa hestatengda viðburði og hafa gaman saman. Viðburðirnir eru til dæmis vetrarmótin, útreiðatúrarnir, félagsfundir og Gæðingamót – já eins og haldið var í sumar í Torfdal og heppnaðist svo vel.

Það er gaman þegar hestamannafélög taka sig saman og setja upp stórt opið mót sem býður hestamenn úr öðrum hestamannafélögum velkomin. Það er ekkert mál að slá upp einu slíku móti öllum til skemmtunar enda aðeins tveir dagar sem fara í svona flotta keppni – eða er það? Hvað ætli þurfi að gera fyrir eitt svona mót?

Tölvuvinnan er nú ekki mikil – bara skrá niður einkunnir og prenta út niðurstöður – eða hvað?

Já fyrst þarf nú að stofna mótið í Sportfeng (á netinu) og fá skráningar, staðfesta svo greiðsluna hjá öllum

Oft þarf að fara í smá rannsóknarvinnu til að finna þá einstaklinga sem hafa greitt en eiga enga skráningu þó þeir haldi að þeir séu skráðir (hér er þjóðskrá mjög góður aðstoðarmaður) og líka hina sem hafa skráð en ekki búnir að borga. Hringja hingað og þangað til að leiðrétta þetta allt svo þetta verði nú allt rétt og allir ánægðir

Það þarf að finna einhverja gamla tölvu sem ræður við þetta gamla kerfi sem LH gerði fyrir löngu og heitir Kappi. Þar eru ráslistar búnir til og þá er hægt að auglýsa þá, já auglýsa, er ekki örugglega búið að auglýsa mótið vel? Við fáum engar skráningar ef við auglýsum ekki, ítrekum og látum boð út ganga.

Mótaskrá, er ekki fint að hafa svoleiðis líka. Töluvert föndur í exel (já það er ekki hægt að prenta þetta beint út úr Kappa því miður) og koma því svo í ljósritun – hver reddar henni?

Hver ætlar svo að vera á tölvunni alla helgina að skrá einkunnir og prenta út úrslit fyrir þátttakendur. Já og er ekki rosalega flott að vera með úrslitin á fésbókinni jafn óðum? Það gafst vel í fyrra og okkur var hrósað fyrir svo við reddum einhverjum í þetta líka.

Þegar mótið er búið þarf að gera mótaskýrslu og skila til LH og senda úrslitin í Sportfeng aftur svo fólk geti nú flett upp á tölum hestanna.

Nú það þarf víst ritara fyrir dómara – úbbss var ekki örugglega búið að panta dómara sex vikum fyrir mót? Jú örugglega en ritararnir þurfa lágmark að vera sex því enginn nennir að rita alla helgina svo það þarf að skipta þessu niður á fólk. Dómararnir eru í vinnu alla helgina svo þeir þurfa að fá almennilegan mat að borða og nóg af kaffi og súkkulaði, finna einhvern til að sjá um það og auðvitað sjá um ritarana líka.

Einhver þarf að tala í hljóðnemann og vera kannski smá fyndinn líka sem þulur – hóum við ekki bara í þá sömu og hafa alltaf þulað hingað til, þeir eru tveir og geta skipt þessu á milli sín.

Sjoppa – jæks, þurfum að tala við hollvini Reiðhallarinnar og fá þá í samvinnu, þeir redda svo restinni – einu minna að hafa áhyggjur af.

Er þetta þá ekki bara komið.....nei úbbss alveg að gleyma hestunum, það þarf víst að redda hestaplássu fyrir aðkomuhross (sumir þurfa hesthús), svara spurningum keppenda með gistingu og slík smáviðvik (hvað eru nokkrir tölvupóstar á milli vina). Við þurfum víst fótaskoðunarmann eða menn ef einn nennir ekki að vera alla helgina. Hver verður mótsstjóri og tekur ábyrgð á því sem þarf á meðan á móti stendur?

Það á að keppa í skeiði líka á mótinu er það ekki. Tímatökubúnaðurinn er hann í lagi og er einhver sem kann á hann – best að tékka á þessu líka.

Þá er þetta komið eða?.....ahhhh völlurinn, hver er staðan á honum? Kannski þarf að laga staura en örugglega verður að slá völlinn, já og brekkuna maður minn, við viljum að gestir sitji í brekkunni og sjái hestana en ekki bara verið á kafi í grasi. Valta völlinn, setja upp hljóðkerfið – já við þurfum að fá hljóðkerfi og útvarpssendi lánaðan einhversstaðar og setja upp.

Nú getur ballið byrjað svo við endum með flott mót. Já endir á mótinu... hvar eru allir verðlaunagripirnir? Var einhver búinn að panta verðlaunin og hver ætlar að fara út um alla sveit að safna farandbikurunum?

Já nú er þetta komið og við getum haldið mót á okkar flotta velli. Frábært væri ef einhver nennti að taka myndir og setja á vefinn – notum annars bara símana.

Það er sem ég segi viðburðir haldnir af félögnum eru svo skemmtilegir og þeir eru væntanlega það sem skapar gott hestamannafélag – eða kannski er það allt fólkið sem vinnur ofangreinda vinnu í frítíma sínum svo hægt sé að halda svona flott mót félagi sínu til sóma.

Takk allir sem leggja hönd á plóg og vona ég að fleiri komi glaðir í þann hóp.

Lilja Össurardóttir



Fréttir af starfi Ungmennafélags Hrunamanna

Sumarið

Íþróttaskóli

Sumarið hófst á 10 daga námskeiði fyrir börn fædd 2009-2006. Námskeiðið bauð upp á fjölbreytt starf og var þátttaka ágæt á námskeiðinu. Jóhanna Briet Helgadóttir hélt utan um starf íþróttaskólans.

Knattspyrna

Boðið var upp á knattspyrnuæfingar fyrir börn á grunnskólaaldri sl. sumar og fengu allir yngri iðkendur að taka þátt í a.m.k. einu móti. Farið var bæði á ÓB mót á Selfossi og Weetos mót í Mosfellsbæ og stóðu krakkarnir sig auðvitað vel í þeim mótum. 15 ára og eldri kappar mættu 2svar sinnum í viku á æfingar og var mæting mjög góð á þær æfingar. Árni Þór Hilmarsson sá um þjálfun hjá yngri iðkendum.

Körfuknattleikur

Boðið var upp á æfingar í körfubolta út júní mánuð og var mæting á þær æfingar góð. Chris Caird og Hilmir Ægir Ómarsson héldu utan um það starf. Síðustu helgina í júní voru svo glæsilegar körfuboltaþúðir haldnar þar sem m.a. landsliðsfólk og aðstoðarlandsliðsþjálfari komu að þjálfun. Heppnuðust þær þúðir vel og endaði með glæsilegri grillveislu þar sem grillaðir voru borgarar frá fyrirtækinu Kjöt frá koti. Var mikil ánægja þátttakenda á námskeiðinu og vonumst við eftir enn feiri að ári. Fjölmargir iðkendur hafa verið í úrvals- og afreksbúðum KÍ í sumar en þangað er boðið efnilegasta körfuknattleiksfolki landsins og eru þúðirnar eins konar undanfari yngri landsliða. Þá er rétt að geta þess að Birgit Ósk Snorradóttir lék með u-16 ára landslið Íslands á bæði Norðurlandamóti í Finnlandi og í Evrópukeppni í Rúmeníu.

Frjálsar íþróttir

Í sumar voru ekki fastar æfingar hjá frjálsíþóttadeildinni en Guðbjörg Viðarsdóttir studdi við þá sem vildu keppa á mótum og var farið nokkum sinnum á Selfoss á æfingar í samvinnu við Umf. Selfoss. Á aldursflokkamóti HSK 11-14 ára stóðu keppendur Hrunamanna sig frábærlega og unnu til 7 gullverðlauna, 13 silfurverðlauna og 8 bronsverðlauna og varð hópurinn í 3 sæti í stigakeppninni. Glæsilegt það! Samhliða því móti voru Héraðsleikar HSK (mót fyrir 10 ára og yngri) og þangað fóru fjölmargir iðkendur og stóðu þeir sig mjög vel. HSK/Selfoss sigraði Meistaramót Íslands 11-14 ára og þar áttum við nokkra keppendur. Allir bættu sig og á verðlaunapallinn stigu Máni Snær, Una Bóel, Óskar Snorri, Haukur Arnars. og Ingibjörg Bára. Í byrjun júlí fóru þau Ragnheiður, Una Bóel og Máni Snær á Gautaborgarleika með stórum hópi keppenda af HSK svæðinu, það var stórkostleg upplifun fyrir krakkana að fá tækifæri til að taka þátt í þessum leikum og ferðinni allri. Á Unglingamóti HSK var Ragnheiður eini keppandi Hrunamanna en hún sigraði í kúluvarpi og varð þriðja í spjótí og langstökki. Hrunamenn áttu landsmótsmeistara í 3 greinum á 19. Unglingalandsmót UMFÍ og að auki komu mörg silfur- og bronsverðlaun í hús. A-lið HSK vann glæsilegan sigur í bikarkeppni 15 ára og yngri á Laugardalsvelli og B-lið HSK varð svo í fjórða sæti aðeins 18 stigum á eftir þriðja sætinu. Ragnheiður, Máni og Una Bóel voru í liðunum og lögðu þau vel á lóðarskálarnar í stigakeppninni. Meistaramót Íslands 15-22 ára var haldið í lok ágúst og þar varð Ragnheiður Íslandsmeistari í kringlu og 4x100 metra boðhlaupi, önnur í kúlu og þriðja í sleggju. Það er óhætt að segja að árangurinn sé glæsilegur hjá krökkunum okkar sem hafa notið frábærrar aðstoðar og hvatningar frá þjálfaranum sínum henni Guðbjörgu Viðarsdóttur, hennar starf er ómetanlegt fyrir deildina.



Blak

Gröfutaeknimótið í strandblaki var haldið 18. júní og tók alls 14 lið þátt. Liðin voru leyst út með veglegum vinningum fyrirætja hér í sveit og í nágrenni. Hótel Flúðir, Gistiheimilið Flúðum, Kaffi-Sel, Café Mika, Fótboltagolf og Sölufélag grænmetisbænda gáfu vinningana.

Sundnámskeið

Undir lok sumars var boðið upp á sundnámskeið fyrir börn fædd 2010 og 2011. Var mæting ágæt og sá Árni Þór Hilmarsson um námskeiðið.

Vetrarstarf hjá ungmennafélagi Hrunamanna

Blak

Þriðjudagar konur 19.00-20.30

Þriðjudagar karlar 19.00-20.30

Fimmtudagar konur 18.30-20.00

Fimmtudagar karla 20.00-21.30

Þjálfari kvenna er Árni Þór Hilmarsson og karla er Kristján Geir Guðmundsson. Nýjir blakarar velkomnir á æfingar, fríir þrúfúttímar í september.

Fimleikar

Þriðjudagar 3.-6.bekkur 16.30-17.40 7.-10. Bekkur 17.40-19.00

Boðið verður upp á fimleika á þriðjudögum í vetur. Ætla þær mæðgur Hrafnhildur Sædis Benediktsdóttir og Hanna Björk Grétarsdóttir að halda utan um starfið.

Frjálsar íþróttir

Mánudagar:

Miðvikudagar:

3.-5. bekkur: 16:10-17:20

6.-10. bekkur: 16:20-17:40

6.-10. bekkur: 17:20-18:30

Búðið er að bæta stíð í þjálfaratemyið í frjálsum, en til starfa taka þær Jóhönnu Bríet Helgadóttir og Elma Jóhannsdóttir. Jóhanna Bríet mun hafa umsjón með yngri hópnum Guðbjörg Viðarsdóttir mun hafa umsjón með eldri hópnum. Æfingar hefjast 19.september

Knattspyrna

Miðvikudagar 3.-6. bekkur: 17:40-18:40

Miðvikudagar 7.-10. bekkur: 18:40-19:40

Þjálfari yngri flokka er Guðni Sighvatsson, íþróttfræðingur og kennari á Laugarvatni.

Körfuknattleikur

Mánudagur 14.-15.10 3.-6.bekkur stúlkur

Þriðjudagar 15.20-16.30 7.-10.bekkur stúlkur

Miðvikudagar 15.10-16.20 3.-6.bekkur stúlkur

Fimmtudagar 16.20-17.25 7.-10.bekkur stúlkur

Föstudagar 13.30-14.30 3.6.bekkur stúlkur

Föstudagar 14.40-16.00 7.-10.bekkur stúlkur

Mánudagur 14.-15.10 3.-6.bekkur strákar

Þriðjudagar 17.40-19.00 7.-10.bekkur strákar

Miðvikudagar 15.10-16.20 3.-6.bekkur strákar

Fimmtudagar 17.25-18.30 7.-10.bekkur strákar

Föstudagar 13.30-14.30 3.6.bekkur strákar

Föstudagar 14.40-16.00 7.-10.bekkur stráka

Árni Þór Hilmarsson er yfirþjálfari yngri flokka og með honum mun einnig erlendir þjálfari starfa og verður hann kynntur betur síðar. Meistaraflokkur karla verður í samstarfi með Laugdælum í vetur. Þá hefur meistaraflokkur kvenna verið endurvakinn eftir dágóðan dvala.

Íþróttaskóli fyrir 1.-2.bekk

Mánudagar 13-14

Fimmtudagar 13-14

Föstudagar 12.30-13.30

Umsjón með íþróttaskólanum hafa þau Árni Þór Hilmarsson og Hanna Björk Grétarsdóttir

Íþróttaskóli fyrir 4-5 ára

Fimmtudagar 16.15-17.00

Umsjón með honum hefur Jóhanna Bríet Helgadóttir, æfingar hefjast í október.

Myndir á næstu síðu:)







Við í leikskólanum Undralandi höfum brennandi áhuga á umhverfi okkar og sjálfbærni hugsun. Við nýtum náttúruna með ólíku sniði alla daga, allan daginn með börnunum. Við erum að huga að því að sækja um Grænfánann og verða skóli á grænni grein. Við höfum alla tilburði til þess að verða reglulega flottur grænfána leikskóli. Ferlið tekur tíma og krefst vinnu af starfsfólki, börnum og í raun sveitafélaginu öllu. Eftir umsókn í þetta flotta verkefni tekur við vinna við skrefin sjö sem eru eftirfarandi:

1. Stofna umhverfisnefnd skólans
2. Meta stöðu umhverfismála í skólanum
3. Gera áætlun um aðgerðir og markmið til umhverfisbóta í skólanum
4. Sinna stöðugu eftirliti og endurmati á umhverfismálum í skólanum
5. Fræða nemendur um umhverfismál,
6. Kynna stefnuna út á við og fá aðra með
7. Setja skólanum formlega umhverfisstefnu

Skólar á grænni grein er alþjóðlegt verkefni til að auka umhverfismennt og styrkja menntun til sjálfbærni í skólum. Skólar ganga í gegnum þessi sjö skref hér að ofan í átt að aukinni umhverfisvitund og sjálfbærni. Þegar því marki er náð fá skólarnir að flagga Grænfánanum til tveggja ára og fæst sú viðurkenning endurnýjuð ef skólarnir halda áfram góðu starfi.

Markmið verkefnisins er að:

- Bæta umhverfi skólans, minnka úrgang og notkun á vatni og orku.
- Efla samfélagskennd innan skólans.
- Auka umhverfisvitund með menntun og verkefnum innan kennslustofu og utan.

- Styrkja lýðræðisleg vinnubrögð við stjórnun skólans þegar teknar eru ákvarðanir sem varða nemendur.
- Veita nemendum menntun og færni til að takast á við umhverfismál.
- Efla alþjóðlega samkennd og tungumálakunnáttu.
- Tengja skólann við samfélag sitt, fyrirtæki og almenning.

Við erum nú þegar að vinna að mörgum að þessum skrefum og höfum í raun gert lengi. Við erum t.d. að flokka sorp og fara með matarúrganga í mólta. Við erum dugleg að nýta verðlausan og endurvinnanlegan efnivið í myndlist og aðra sköpun. Við fræðum börnin um sjálfbærni, náttúruvernd og hvað það er mikilvægt að bera virðingu fyrir umhverfinu okkar. Núna ætlar leikskólinn að hafa vinnuna sýnilegri og vinna markvisst að skrefunum sjö.

Við hlökkum til að fara í þetta verkefni og vonum að sem flestir í samfélaginu vilji taka þátt í því með okkur.

Elma Jóhannsdóttir



Frá Félagi eldri Hrunamanna

Nú þegar einstaklega fallegu og hlýju sumri er að ljúka er tími til kominn að huga að félagsstarfi vetrarins. Engar stórbreytingar eru í vændum svo að fyrsta samverustund okkar í kjallaranum verður þriðjudaginn 4.

október kl. 13.

Vatnsleikfimi byrjar 19. september og verður tvisvar í viku, á mánudögum kl. 15:20-16 og á fimmtudögum kl. 14:20-15 til loka október.

Kennari verður Árni Þór Hilmarsson.

Einar Jónsson frá Tungufelli verður með glerlistanámskeið og hefst það um miðjan október.

Lestur Íslendingasagna hefst fimmtudaginn 6. október kl 10:15. Námskeiðið verður á neðri hæð Heimalands. Egils saga verður fyrsta viðfangsefni vetrar. Opið hús verður eins og undanfarin ár, þriðja miðvikudag hvers mánaðar kl.14. Við í stjórninni hvetjum félaga og aðra eldri borgara til að mæta á þá viðburði sem eru í boði.

Með bestu félagskveðju,
stjórnin



VÖRÐUKÓRINN




Vetrarstarf Vörðukórsins.

Senn líður að fyrstu æfingu Vörðukórsins á þessu starfsári 2016-17 en hún verður í Brautarholti 21. september n.k. og hefst kl.20.30. Starfsemin verður með hefðbundnu sniði, hausttónleikar í Árnesi 25.nóvember og vortónleikar á Flúðum 19.apríl 2017. Baðstofukvöld verður á Flúðum 3.febrúar 2017, þar sem reynt er að endurskapa hina fornu baðstofumenningu, á nútímalegan hátt, vorferð verður í lok apríl auk fleiri viðburða.

Næsta haust í október 2017 er stefnan sett á Ítalíu, nánar tiltekið Suður Tíról og nágrenni Gardavatnsins.

Það eru spennandi tímar framundan hjá Vörðukórnum og því eftir all nokkru að slægjast að vera með. Nýir félagar eru nú sem fyrr að sjálfsögðu velkomnir .





Undanfarið hefur verið unnið að uppsetningu skilta í Lækjargarðinum á Flúðum. Einnig er komið upplýsingaskilti hjá þeim Höllu og Eyvindi.